

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Mánudaginn 12. janúar 1976.

Nr. 42/1974. **Elías Bernburg**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Vélsmiðjunni Héðni h/f

(Hákon Árnason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Bifreiðar. Umferðarlög. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er einungis áfrýjað að því er varðar Vélsmiðjuna Héðin h/f.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. febrúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. febrúar s. á. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 911.895 krónur með 7% ársvöxtum frá 16. maí 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elías Bernburg, greiði stefnda, Vélsmiðj-

unni Héðni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 27. f. m., hefur Elías Bernburg, Meistaravöllum, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. og 13. apríl 1972, á hendur Vélsmiðjunni Héðni h/f, Reykjavík, og Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f, Suður-Múlasýslu, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 674.774 ásamt 7% ársvöxtum frá 16. maí 1966 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa báðir gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu og hann verði dæmdur til þess að greiða þeim málskostnað að mati dómsins.

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og Samvinnutryggingum g/t, báðum í Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæslu í máli þessu. Á hendur réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar, og þeir hafa heldur engar kröfur gert.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi dómkröfum sínum á þá lund, að hann hækkaði þær í kr. 911.895 auk 7% ársvaxta frá 16. maí 1966 til greiðsludags. Þá krafðist hann einnig málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu stefndu var það samþykkt, að þessi hækkun dómkröfunnar mætti komast að í málinu án framhaldsstefnu.

Leitast hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. apríl 1966 réðst stefnandi til starfa hjá Vélsmiðjunni Héðni h/f, Reykjavík, og vann þar við járnsmíði, enda þótt hann væri eigi fagmaður. Stefnandi hafði áður unnið hjá þessu fyrirtæki á árunum 1948—1953. Strax eftir ráðningu hinn 11. apríl 1966 var stefnandi sendur austur á Eskifjörð og vann þar við uppsetningu á síldarverksmiðju, sem Vélsmiðjan Héðinn h/f var að byggja fyrir stefnda Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f.

Hinn 16. maí 1966, um kl. 5 síðdegis, vann stefnandi ásamt Haraldi Þórðarsyni vélvirkja við að flytja járnboga frá bryggju til verksmiðjunnar. Áttu járnbogar þessir að vera yfir ofnana fyrir þurrkarann. Verk þetta unnu þeir samkvæmt fyrirmælum Ármanns Sigurðssonar verkstjóra. Járnbogana fluttu þeir á vörubifreiðinni U 697, sem var eign stefnda Hraðfrystihúss Eskifjarðar

h/f. Ökumaður bifreiðarinnar var starfsmaður hraðfrystihússins. Pallur bifreiðarinnar var tjaldaður segldúk, sem breiddur var yfir járngrind, og varð aðeins farið upp á pallinn og niður af honum gegnum dyr á afturgafli þessa tjalds, en út frá dyrum þessum og niður af pallinum var festur járnstigi. Þessi vörubíll var aðallega ætlaður til mannflutninga. Pallur bifreiðarinnar var 2.3 m á breidd, 4 m á lengd, en hæð hans frá jörðu var 1.3 m. Á pall bifreiðarinnar röðuðu þeir framangreindum járnbogum. Samkvæmt teikningu, sem lögð hefur verið fram af vörubílum og járnbogunum, þá mun hér hafa verið um að ræða 9—10 stk. af járnbogum, þyngd þeirra verið um það bil 30 kg hver bogi, en raddus 1.6 m. Járnbogunum var raðað þannig á pallinn, að endar þeirra stóðu aftur af pallinum, að minnsta kosti 1—1½ m samkvæmt framburði stefnanda, og hafa bogarnir því lokað stiganum niður af pallinum.

Stefnandi og Haraldur Þórðarson stóðu aftur á palli bifreiðarinnar til þess að styðja járnbogana, meðan á flutningnum stóð. Í aðiljaskýrslu stefnanda, dags. 7. mars 1967 og staðfestri hér fyrir réttinum 28. mars 1968, segir m. a. svo: „Er við komum á áfangastað, fórum við aftur af pallinum, en ég kom það illa niður, að ég hælbrotnaði á hægri fæti. Við komumst ekki niður stigann af pallinum, þar sem flutningurinn var fyrir uppgangi hans, þannig að við urðum að stökkva niður“.

Stefnandi taldi, að sennilega hafi hann fest vinstri fót einhvern veginn í járnbogunum, þegar hann stökk aftur af bílnum. Hafi það orðið til þess, að hann hafi komið meira niður á hægri fótinn.

Vitnið Haraldur Þórðarson hefur komið fyrir réttinn og borið, að framangreindir járnbogar hafi legið sitt með hvorri hlið bíllsins og komið saman um miðjuna aftan á pallinum, þannig að þeir hafi lokað fyrir stigann, sem þar var til að komast upp á pallinn. Vitnið mundi ekki betur heldur en það og stefnandi hafi stokkið aftur af pallinum í umrætt sinn. Vörubifreið þessi hafi verið yfirbyggð og ætluð til mannflutninga og ekki hafi verið hægt að komast að palli hennar annars staðar en aftan af henni. Haraldur kveðst hafa séð, þegar stefnandi stökk ofan af palli bifreiðarinnar. Hafi stefnandi stigið með annan fótinn út á járnbogana, sem við það muni hafa sporðreistst eitthvað lítillega, og hafi það orðið til þess, að Elías hafi komið óeðlilega hart niður á hægri fótinn.

Ármann Sigurðsson verkstjóri hefur komið fyrir réttinn og

borið, að hann hafi verið verkstjóri hjá Vélsmiðjunni Héðni h/f við byggingu fyrrgreindrar síldarverksmiðju. Ekki kvaðst vitnið hafa séð, þegar stefnandi stökk af palli bifreiðarinnar, en komið að rétt í því, er slysið varð. Hann kvaðst hafa beðið þá Harald og stefnanda að annast þessa flutninga. Enginn verkstjóri hafi verið með þeim við þetta verk né hafi þeim verið sagt sérstaklega til, hvernig þeir skyldu haga sér við verkið. Vitnið taldi, að verk það, er þeim stefnanda og Haralds var falið að framkvæma í umrætt sinn, hafi ekki verið það stórvægilegt, að þurft hafi verkstjóra til að segja þeim til um framkvæmd þess.

Stefnandi hefur hinn 20. mars 1968 lýst því svo hér fyrir réttinum, þegar hann stökk af pallinum, að hann hafi ekki farið í gegnum rauf þá á yfirbyggingunni, sem hafi verið beint upp af stiganum upp á pallinn, heldur hafi hann beygt sig undir járníð, er lá þvert aftur af pallinum. Sagði stefnandi, að það gæti verið, að hann hafi stigið út á járnbogana, en mundi það ekki nákvæmlega.

Hinn 27. maí 1968 kemur stefnandi aftur fyrir rétt. Bar hann, að þeir Haraldur Þórðarson hafi í umrætt sinn staðið framarlega á palli bifreiðarinnar til að koma í veg fyrir, að bogarnir sporðreistust og dyttu aftur af pallinum. Vegur sá, er þeir hafi ekið um, hafi verið slæmur. Því kvaðst stefnandi hafa bankað í afturúðu vörubifreiðarinnar til að gera bílstjóranum aðvart um að aka varlega, þar eð hann teldi hættu á, að bogarnir gætu fallið aftur af.

Enn kemur stefnandi fyrir rétt hinn 2. júní 1971. Bar stefnandi þá, að bifreiðin hafi farið í holu eða öllu heldur lægð. Hafi bifreiðin síðan ekið upp á bakkann handan lægðarinnar og járnbogarnir farið að lyftast og hafi verið hætta á því, að þeir sporðreistust, enda hafi járnvinkill verið aftan á pallinum og bogarnir verið því mjög hálir á pallinum. Af þeim sökum hafi hann ekki talið annað vænna en hoppa niður af pallinum, en við það hafi slysið orðið. Stefnandi sagði, að bifreiðin hafi stöðvast um sama leyti, og var öruggur um það, að vél hennar hafi verið í gangi.

Eftir slysið var stefnandi fluttur til lækni á Eskifirði. En þar sem læknirinn var ekki við, fékk stefnandi eigi læknishjálp fyrr en klukkan 0100 nóttina eftir. Lá hann síðan á Eskifirði í 3 daga og var eftir það fluttur til Reykjavíkur flugleiðis. Á slysavardstofunni segir stefnandi, að það hafi fyrst komið í ljós, að hann var hælbrottinn, og fékk hann þar viðeigandi meðferð.

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur skoðað stefnanda og metið örorku hans af völdum slyssins. Örorkumat læknisins er dags. 25. janúar 1967. Í niðurlagi vottorðsins segir svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða fertugan mann, sem slasast við vinnu sína fyrir 8 mánuðum, og brotnaði hægra hælbein. Hann var frá vinnu rúmlega 3 mánuði, en hefur nokkur óþægindi í fætinum, sem rekja má til slyssins. Hann hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 2 mánuði	100 %	örorka
Í 1 mánuð	75 %	—
Í 2 mánuði	50 %	—
Í 3 mánuði	25 %	—
og síðan varanleg örorka	15 %	“

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda af völdum slyssins. Tryggingafræðingurinn hefur þrívægis reiknað út tjónið, hinn 6. mars 1967, 11. maí 1971 og að síðustu hinn 23. sept. 1973. Niðurstaða síðasta útreiknings tryggingafræðingsins hljóðar svo:

„Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 59.326.00
Vegna varanlegrar örorku	— 831.468.00

Samtals kr. 890.794.00

Frádráttur.

1. Elías hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 16. júlí 1966 til 22. ágúst 1966, kr. 8.781.80, og örorkulífeyri í formi eingreiðslu 1. febr. 1967 að upphæð kr. 66.424.00.
2. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1. Atvinnu- og örorkutjón	kr. 890.794
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti .. —	100.000
3. Útlagður kostnaður	— 10.200

Samtals kr. 1.000.994

Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi bætur frá Trygginga- stofnun ríkisins, kr. 75.202, og kaup frá atvinnuveitanda eftir slys, kr. 12.894, eða samtals kr. 88.099. Eftir standa þá kr. 911.895, sem er kröfugerð stefnanda, svo sem vikið er að í upphafi dóms- ins.

Mál út af slysi þessu var upphaflega þingfest 19. september 1967. Höfðaði stefnandi þá mál á hendur Vélsmiðjunni Héðni h/f og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu. Hinn 9. júlí 1971 höfðaði stefnandi sakaukamál á hendur Hraðfrystihúsi Eski- fjarðar og Samvinnutryggingum g/t til réttargæslu. Þetta mál var hafið vegna útivistar lögmanns stefnanda hinn 6. september 1971. Stefnandi höfðaði mál það, er hér er til úrlausnar, með stefnu, birtri 12. og 13. apríl 1972, og var það þingfest 27. júní 1972.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar þannig, að orsök þessa slyss verði rakin til óforsvaranlegrar verkstjórnar af hálfu stefnda Vélsmiðjunnar Héðins h/f og lélegs umbúnaðar á farmi svo og til ógætilegs aksturs bifreiðarinnar og beri því stefnda Vélsmiðjunni Héðni h/f að bæta stefnanda tjón hans ásamt meðstefnda Hrað- frystihúsi Eskifjarðar h/f, er beri ábyrgð á tjóninu skv. 67. og 69. gr. umferðarlaga. Stefnandi telur, að stefndu beri solidariska ábyrgð á tjóni vegna slyssins.

Stefndi Vélsmiðjan Héðinn h/f rökstyður sýknukröfu sína með því, að vörubíllinn hafi staðið kyrr, þegar slysið varð, og hafi stefnandi með ýmsu móti getað farið niður af bílpallinum án þess að stökkva. Reyndar sé stefnandi ekki sjálfum sér samkvæmur um slysið, en auðvitað verði að byggja á fyrstu frásögn hans. Þessi stefndi mótmælir því alveg, að stefnandi hafi neyðst til þess að stökkva af bílpallinum, svo sem haldið er fram í stefnu. Full- yrðingum stefnanda um óforsvaranlega verkstjórn og umbúnað af hálfu þessa stefnda er mótmælt sem röngum, órökstuddum og ósönnuðum, enda sé það mála sannast, að ekkert sé fram komið, er fellt geti ábyrgð á stefnda Vélsmiðjuna Héðin h/f. Að endingu bendir þessi stefndi á það, að verk það, sem stefnanda og Haraldi Þórðarsyni hafi verið falið að gera í umrætt sinn, hafi verið ein-

falt verk og því hafi engin þörf verið á sérstakri verkstjórn, enda hafi hér verið um reynda starfsmenn að ræða.

Stefndi Hraðfrystihús Eskifjarðar h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum, að kröfur stefnanda á hendur honum í máli þessu hafi verið fyrndar, þegar mál þetta var höfðað. Þá hafi verið liðin meira en 6 ár, frá því að umrætt slys hafi orðið, en kröfur út af slysum sem þessum fyrnist á 4 árum skv. 78. gr. umferðarlaga.

Í öðru lagi reisir stefndi þessi sýknukröfu sína á því, að slys það, sem hér um ræðir, sé honum með öllu óviðkomandi. Það sé ósannað, að slysið hafi orðið með þeim atvikum, að yfirleitt geti að lögum varðað aðra fébótaábyrgð. Þótt svo yrði litið á, heldur stefndi því fram, að ábyrgð geti ekki varðað sig að lögum. Minnir stefndi á, að bifreiðarstjórinn minnist ekki slyssins.

Þá hefur þessi stefndi vakið athygli á því, að í fyrstu aðiljaskýrslu stefnanda, sem dagsett er og undirrituð af honum 7. mars 1967, skýri stefnandi m. a. svo frá: „Er við komum á áfangastað, fórum við aftur af pallinum, en ég kom það illa niður, að ég hælbrotnaði á hægra fæti . . .“. Samkvæmt þessari frásögn stefnanda hafi bifreiðin verið komin á áfangastað, þ. e. stöðvuð á affermingarstað, er hann fór niður af vörupallinum. Í nefndri frásögn komi fram, að hann hafi stokkið niður af pallinum. Þessi lýsing stefnanda á atvikum sé í engu samræmi við frásögn lögmanns hans í stefnu, sem mótmælt sé sem rangri. Við yfirheyrslur undir rekstri málsins hinn 28. mars og 27. maí 1968, er stefnandi gaf aðiljaskýrslu á bæjarþingi Reykjavíkur, er í engu hvikað frá upphaflegri frásögn hans um aðdraganda slyssins. Hins vegar verði annað uppi á teningnum 2. júní 1971, meira en þremur árum seinna. Þá bregði svo við, að stefnandi sé tekinn að skýra frá málavöxtum líkt því, sem rakið er í stefnu. Gerir þessi stefndi þá kröfu, að seinni frásögn stefnanda verði að engu höfð, og telur hann einsætt, að þar sé stefnandi farinn að halla réttu máli. Beri ótvírætt fremur að miða við hina upprunalegu frásögn hans.

Með því að bifreiðin var stöðvuð, þegar slysið varð, verði það ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar sem slíkrar. Ábyrgð skv. 6. kafla umferðarlaga sé því ekki til að dreifa. Þegar af þeirri ástæðu sé hugsanleg fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum nefnds slyss honum óviðkomandi.

Jafnvel þótt reyndi á ábyrgðarreglu umferðarlaga, heldur þessi stefndi því fram, að um bótarétt stefnanda geti ekki verið að ræða vegna eigin sakar hans, sbr. 3. mgr. 67. gr. laganna. Stefnandi segist hafa stokkið niður af bifreiðinni. Þetta hafi verið mjög gá-

leysislegt tiltæki og fallið til að valda honum meiðslum. Þetta hafi verið ófært með öllu. Alveg sé ósannað annað en stefnandi hafi komist niður af bílpallinum með eðlilegum hætti. Stefnandi sé sver vexti og greinilega mjög þungur miðað við hæð, en hann sé maður lágvaxinn. Samkvæmt teikningunni á rskj. nr. 14 sé hæðin af bílpallinum til jarðar 1.3 m. Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á því, að stefnandi og Haraldur Þórðarson, starfsfélagi hans, hafi borið ábyrgð á hleðslu bifreiðarinnar. Þeim hafi verið falið að flytja nefnda járnþega frá bryggju að byggingarstað og lögð til bifreið í því skyni. Því hafi mátt treysta, að þeir framkvæmdu þetta einfalda verk á þann veg, að bæði farminum og þeim sjálfum væri borgið.

Niðurstaða dómsins.

Svo sem fyrr er rakið, varð stefnandi fyrir áðurgreindu slysi hinn 16. maí 1966. Honum var metin örorka af völdum slyssins hinn 25. janúar 1967, og örorkutjón hans var reiknað út hinn 6. mars 1967. Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 fyrnast allar bótakröfur á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingarfélagi á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Samkvæmt þessu ákvæði hefst fyrningarfrestur í máli þessu gagnvart stefnda Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f hinn 1. janúar 1968. Svo sem fyrr getur, var mál þetta höfðað gegn Hraðfrystihúsi Eskifjarðar h/f með stefnu, birtri 13. apríl 1972, og voru þá kröfur stefnanda á hendur þessum stefnda fyrndar, enda liðu meira en 6 mánuðir, frá því að fyrrgreint sakaukámál á hendur honum var hafið, hinn 6. september 1971, og þar til stefna var birt honum í þessu máli, sbr. 11. gr. laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14 20. okt. 1905. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna þennan stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétturinn lítur svo á, að það hafi verið það einfalt verk að hlaða bílinn og afferma, að ekki hafi verið þörf sérstakrar verkstjórnar við það verk, enda var stefnandi reyndur starfsmaður, 39 ára gamall, er slysið varð, og Haraldur Þórðarson 23 ára gamall og útlærður vélvirki. Ekki verður heldur talið, að bíll sá, sem notaður var, hafi verið óforsvaranlegur til flutninga þessara né að það hafi verið hættulegt að fara niður af palli bifreiðarinnar, ef aðgát var við höfð. Þá telur rétturinn, að byggja verði á fyrstu frásögn stefnanda frá 7. mars 1967 um það, að billinn hafi verið kominn á áfangastað, þegar þeir félagar stukku niður af pall-

inum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið getið, telst slys stefnanda ekki verða rakið til neinna atvika, sem stefndi Vélsmiðjan Héðinn h/f eigi að bera fébótaábyrgð á, heldur annað hvort til gáleysis stefnanda sjálfs eða klaufaskapar hans í umrætt sinn, og verður hann því einn að bera allt tjón sitt af völdum slyssins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vélsmiðjan Héðinn h/f og Hraðfrystihús Eski-fjarðar h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Elíasar Bernburgs, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. janúar 1976.

Nr. 178/1976. Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður
f. h. Þrotabús Oks h/f, Reykjavík,
gegn
Viðari Þórðarsyni f. h. Birgis Viðarssonar.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Einar Arnalds og
Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1975. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 22. desember 1975. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá lund, að máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja verði vísað frá skiptarétti Reykjavíkur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.